

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Drottningarbrautarreit.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 21. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Drottningarbrautarreit.

Breytingin tekur til Hafnarstrætis 87-89 og felur í sér að byggingarreitur við Hafnarstræti 87-89 sé stækkaður og að núverandi byggingar, klósett og undirgöng verði innan skilgreinds byggingarreits, byggingarmagn verði aukið um 70-90 m² ásamt því að núverandi undirgöngum verði lokað og þau nýtt í nýrri byggingu. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður einnig aukið og verður 2,5 eftir breytinguna.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 3. september 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 17. september 2024